MENNING



Steinn og gler Hús eftir Wright.

Mikil eftirspurn eftir Wright

25 til 40 prósentum dýrari en önnur hús

BANDARÍSKI arkitektinn Frank Lloyd Wright skildi eftir sig yfir 500 byggingar þegar hann lést í hárri elli árið 1959. Af þessum húsum standa enn um 400 og hafa þau aldrei verið eftirsóttari en nú, enda er áhugi á byggingarlist miðrar tuttugustu aldarinnar í hámarki um þessar mundir.



Frank Lloyd Wright

„Sum þessara húsa eru verðlögð alltof hátt. En algengast er að fólk borgi 25 til 40 prósentum meira fyrir þau en sambærilegar fasteignir eftir óþekkta arkitekta," segir Ron Scherubel, formaður Frank Lloyd Wright-forvörslufélagsins, í viðtali við *New York Times*.

Hann segir fólkið sem kaupir hús eftir Wright ekki síður leggja mikið fé í að halda þeim við. „Ef hjarir gefa sig hringja þau í okkur til þess að fá ábendingar um handverksfólk sem getur gert nýjar hjarir sem eru nákvæmlega eins. Ef það þarf að leggja nýja þaksteina vilja þau láta búa þá til með sömu aðferð og var upphaflega notuð. Þetta finnst mér frábært."

Það er ekki bara áhugafólk um byggingarlist sem fjárfestir í þessum húsum því þau hafa marga þá kosti sem þykja eftirsóknarverðir í íbúðarhúsnæði í dag. Meðal höfundareinkenna Wrights eru stórir gluggar sem ná ofan í gólf, mikið opið rými og áhersla á náttúruna í kring.

Safnaði súrrealistum

STÆRSTA safn af verkum eftir breska súrrealista er í eigu Jeffrey Sherwin, læknis á eftirlaunum. Það verður bráðlega sýnt í nýlistasafni í Middlesbrough. Verkin í safninu eru meðal annars eftir Henry Moore, Paul Nash, Damien Hirst og Glen Baxter og þar finnast líka verk eftir listamenn af meginlandinu eins og René Magritte. Það telur alls um 350 verk.

Sherwin eyðir síðkvöldunum oft í að endurraða verkunum til þess að sjá þau í nýju ljósi og ólíku samhengi. Hann fékk áhuga á súrrealisma þegar fimmtíu ára afmælis hinnar frægu súrrealista sýningar í London árið 1936 var minnst með sögusýningu í heimabæ hans Leeds. „Hún opnaði augu mín, ég vissi ekki fyrr en þá að það væri neitt til sem héti breskur súrrealismi," sagði hann í samtali við *Guardian*. „Ég er venjulegur maður og súrrealismi er eitthvað sem venjulegt fólk skilur. Þetta er raunveruleikinn, nema honum er snúið á haus. Þú sérð hluti sem þú þekkir, annað en í abstraktlist eða expressjónisma, sem þarf yfirleitt að útskýra. Maður hugsar með sér: En áhugavert! En spennandi!"

Leiklist

Samísk leiksýning í Þjóðleikhúsinu



Haukur J. Gunnarsson

SAMÍSKA leikhúsið Beaivváš sýnir *Sá hrímhærði og draumsjáandinn* í Kassanum í Þjóðleikhúsinu annað kvöld klukkan átta. Leikstjóri sýningarinnar og listrænn stjórnandi leikhússins er Haukur J. Gunnarsson.

Höfundur verksins, Nils Aslak Valkeapää, er eitt þekktasta ljóð- og tónskáld Sama. Hann fékkst jöfnum höndum við tónsmíðar, ljóðlist og listmálun, auk þess sem hann lagði stund á heimspeki. Valkeapää hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1991.

Miðaverð á sýninguna er 2.500 krónur.

Bókmenntir

Samkynhneigð á Indlandi



Hoshang Merchant

Í DAG verður haldinn fyrirlestur á vegum Asíuseturs Íslands um samkynhneigð á Indlandi og birtingarmyndir hennar í indverskum bókmenntum.

Bókmenntafræðingurinn Hoshang Merchant gerir grein fyrir aðstæðum og sjálfsmynd samkynhneigðra á Indlandi og tekur dæmi úr verkum þekktra indverskra rithöfunda sem skrifa á mörgum ólíkum indverskum tungumálum.

Fyrirlesturinn fer fram í Aðalbyggingu Háskóla Íslands og hefst klukkan 12.

Fræði

Rask og sjálfstæð dönsk tunga



Rasmus Kristian Rask

Kirsten Rask heldur fyrirlestur á vegum Dansk-íslenska félagsins og Íslenska málfræðifélagsins undir yfirskriftinni: „Rasmus Kristian Rask – stórar hugmyndir í litlu landi."

Þar mun hún rekja hvernig Rask kom danskri tungu á kortið sem sjálfstæðu tungumáli. Áður höfðu Grimms-bræður skilgreint hana sem þýska mállýsku.

Fyrirlesturinn fer fram á dönsku í stofu 101 í Háskólatorgi Háskóla Íslands og hefst klukkan fjögur í dag.

Listahátíð í Reykjavík | Israel Rosenfield valdi vísindamenn á Tilraunamaraþonið

Áhrif eru svo mikilvæg

Upplifanir settar í nýtt samhengi

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is

Á SKJÁ í Listasafni Reykjavíkur má sjá Israel Rosenfield útskýra hvernig svarthvít ljósmynd breytist í litmynd. Áhugamál Rosenfields eru svo fjölbreytileg að það má búast við því að sjá hann útskýra hina ólíklegustu hluti. Hann er þó einkum kunnur fyrir hugmyndir sínar um þann leyndardóm sem mannsheilinn er.

Rosenfield aðstoðaði umsjónarmenn Tilraunamaraþonsins um liðna helgi, þá Hans Ulrich Obrist og Ólaf Elíasson, við að velja vísindamenn til þátttöku á þessu stefnumóti lista og vísinda. Rosenfield nam stærðfræði, læknisfræði og heimspeki og er kunnur háskólakennari og fyrirlesari. Hann hefur skrifað margverðlaunaðar bækur; þar á meðal um heilann, taugalíffræðilisfræði, meðvitundina og DNA, og tvær satýrur. Skrif hans hafa vakið athygli ýmissa listamanna og verið notuð af þeim; til að mynda hefur hann unnið með Ólafi Elíassyni.

„Ég var beðinn að hitta íslenska vísindamenn og stinga upp á því hverjum ætti að bjóða. Það var nokkuð óþægileg staða því við hefðum getað boðið svo mörgum. Ég kom því í desember og hitti fólk."

Við Rosenfield ræðum saman „baksviðs" í Hafnarhúsinu en frammi er fjöldi fólks að fylgjast með hreyfilistamanni frá Venesúela flytja mál sitt, á þessum stefnumótum lista og vísinda. En hverju var Rosenfield að leita eftir?

„Ég velti fyrir mér hvaða áhersluþáttum ég ætti að sækjast eftir frá íslensku vísindamönnunum. Sjónir beindust vitaskuld að sögu Íslenskrar erfðagreiningar, sem er þekkt alþjóðlega, hefur ýmsar vísindalegar vísanir og tengist vísindum og stjórnmálum. Ég vildi fá til liðs við okkur fólk af þeim vettvangi til að fjalla um heim erfðatækninnar. Það gekk því miður ekki, enginn var reiðubúinn að tjá sig. Að lokum fórum við því ekkert út í erfðavísindin.

Við vildum einnig koma inn á heim taugalíffræðinnar og því hittum við Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóra rannsóknar- og þróunarsviðs Össurar. Hann er að vinna að afar áhugaverðum hlutum með stoðtækjum og hefur forvitnilega heimspekilega sýn. Til að skapa samtal á milli Hilmars og annarra, til að mynda um líkamann, buðum við til dæmis Peter Coles, sem er stjarneðlisfræðingur sem veltir heiminum fyrir sér. Við höfum verið að velta fyrir okkur hugmyndum um sjálfsmyndir, myndinni af heiminum og hugmyndum um



Morgunblaðið/Einar Falur

Samræða **„Ef þú reynir að útskýra listir með vísindum, þá verður það bara kjánaleg æfing," segir Israel Rosenfield. Með því að stilla þessum heimum upp saman geti hinsvegar orðið til áhugavert samtal.**

hreyfingu og skynjun og hvað aðskilur þetta tvennt. Það varð að eins konar þema."

Nýr skilningur verður til

– Við að hlýða á þessa forvitnilegu en ólíku þátttakendur vaknar spurningin hvort þið séuð að reyna að þrýsta vísndum og listum saman.

„Alls ekki. Það er ekki hægt. Ef þú reynir að útskýra listir með vísindum, þá verður það bara kjánaleg æfing."

– En hvað gerist þegar þú stillir listum og vísindum upp saman?

„Ég veit það ekki. Þegar þú gengur út á götu verðurðu fyrir alls kyns upplifunum sem hafa áhrif á þig síðar um daginn. Það sama má segja um uppákomurnar hér. Þú heyrir eitthvað, ert kannski að vinna í listum en kemst að einhverju forvitnilegu úr vísindaheiminum. Hver veit hvað gerist? Fólk verður oft fyrir áhrifum af öðrum og af hugmyndum sem það rekst á á óvæntan hátt; það er hluti af margbreytileika lífsins. Áhrif eru svo mikilvæg."

– Hér er bent á að myndlist getur verið ferli, ekki bara hlutur.

„Einmitt. Þetta er svo mikið um minningar og móttöku, um skilning. Maður er sífelllt að vinna úr minningum og upplifunum. Maður festir mynd ekki í huga sér á varanlegan hátt, hugurinn er sífellt að endurmeta og endurskapa úr þeim upplýsingum sem við tökum inn. Upplifanir eru settar í nýtt samhengi, nýr skilningur verður til. Þetta er svo sannarlega ferli.

Listin er svo dýnamísk í eðli sínu að hún er alltaf að breytast. Eins er mikil fegurð í stærðfræði, fagurfræði sem gerir hana spennandi – burtséð frá því hvort lausnirnar byggi á afgerandi sannleika. Á morgun geta komið fram nýjar upplýsingar sem breyta hugmyndum okkar og það sem við teljum satt í dag getur verið rangt á morgun; þar er munurinn á trúarbrögðum og vísindum. Í vísindum er sífellt leitað að nýjum lausnum og svörum."

Róttækar breytingar

– Fyrir 20 árum hefði maraþon eins og þetta varla verið haldið hér.

„Það er líklega rétt. En ég held það megi segja um hvaða tímabil sem er í sögunni, að hlutirnir taki róttækum breytingum. Líttu á bílinn, tilkoma hans hafði afar róttæk áhrif á lífshætti manna. Svo ekki sé minnst á lestar, flugvélar, DNA! Þetta eru allt breytingar, eins og á 19. öldinni þegar umræður voru hvað heitastar um kenningar Darwins, öll sú gróteska þvæla um sköpunarsöguna hafði gríðarleg áhrif. Þá voru sköpunarsinnar í miklum meirihluta og þeim þóttu hugmyndir Darwins gróteskar! Samt eru þær undirstaða svo margs í hugsunum okkar og skoðunum um lífið og tilveruna. Þróunin hefur verið til staðar, þótt hún virðist vissulega vera hraðari núna."

– Hvað kemur út úr maraþoninu?

„Það er erfitt að segja. Þetta er áhugaverður fundur lista og vísinda og kannski leiðir hann til fleiri slíkra funda. Ýmsar mikilvægar hugmyndir í vísindum eru ekki eins kunnar og þær ættu að vera og dagskrá eins og hér hjálpar til við að miðla þeim; fólk verður fyrir örvun af áhugaverðum upplifunum."

Í HNOTSKURN

» **Tilraunamaraþonið er umfangsmesta framkvæmd sem Listasafn Reykjavíkur hefur staðið fyrir. Um fjörutíu lista- og vísindamenn komu að því.**

» **Israel Rosenfield aðstoðaði við val íslenskra og erlendra vísindamanna sem tóku þátt.**

» **Rosenfield nam stærðfræði og læknisfræði við N.Y.U. og er doktor frá Princetonháskóla.**

» **Sýningunni í Hafnarhúsinu lýkur í ágústlok.**